

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hellu fyrir árið 1997.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 76/1975, skal á árinu 1997 vera kr. 6.568. Gjaldþagi er 1. janúar og eindagi 28. febrúar.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkalls-kostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að gilda fyrir árið 1997.

Umhverfisstjórnuneytinu, 9. desember 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Eyrarbakka.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. b. lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Eyrarbakkahreppi nr. 101/1975, skal verða kr. 3.585 á ári.

Lausnargjald samkvæmt 3. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 2.500 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 5.000 fyrir ítrekuð brot.

2. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldun samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisstjórnuneytinu, 9. desember 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.